

10.12..2024
Kl 21.12
2. Fjarfundur

Fundinn sátu

- Halldór Kolbeins (HK) Formaður
- Hildur Þöll Ágústsdóttir (HÞÁ)
- Jens Ruminy (JR)
- Guðný Margrét Emilsdóttir (GME)
- Björn Júlíus Grímsson (BJG)
- Daði Hrólfsón (DH)
- Óskar Grím(ÓGK)

Fundargerð ritaði

Hildur Þöll

Dagskrá fundar

Formaður fer yfir stöðu

Halldór fer yfir stöðu mála , fólk sé að klára vinnutörn ársins . Fer yfir hugmyndir um fundaplan vetrar , setur fram hugmyndir en ekkert fastsett , Minnir á að þessi stjórn tekur við á erfiðum tíma og fékk stórt verkefni í fangið . Verkefni , sameining við VR . Minnir á að sameining hefur ekki átt sér stað , undirbúningur er í gangi , aðalfundur beggja félaga eiga lokaorðið og ef að samþykki fæst á báðum fundum . Skrifstofu úthýst til VR og þeir sjá um allt sem var áður á höndum starfsmanns skrifstofu. Gríðarlegur ávinningur er af þessari samvinnu , einkum að því sem snýr að kjarabrotum . Stefnt er á 2 opna fundi í janúar og febrúar þar sem vinna undirbúningsnefndar verður kynnt og óskað verður eftir hugmyndum og skoðunum á því sem mætti bæta eða laga . Mögulega þarf að hafa skoðanakönnun á milli funda . Þegar niðurstaða er komin eftir þessa fundi , þá er það endanleg niðurstaða á samningi frá okkur . Formaður leggur til að fréttabréf verði sent út til allra félagsmanna þar sem þessi áform þess verði kynnt .

Óskað var eftir við Hæfnisetur ferðapjónustunar að óska eftir upplýsingum frá skólunum um námskrá , (uppfylling á staðli) svara er að vænta frá þeim innan skamms og stjórn verður upplýst um það þegar þau koma

Nefnd var sett á laggirnar í sumar til að vinna að undirbúningi að gera starf leiðsögumanns leyfis/skraningarskylt , í nefndinni eru Snorri Steinn , Björn Júlíus og Hildur Þöll . Búið er að tala við opinbera aðila sem við á og hefur verið vel tekið .

Nefndin er að klára sitt starf

Námskeið fyrir verktaka verður haldið með aðkomu VR , haldin verða 2 námskeið , bæði stað og fjarnámskeið

Ítrekað er að hægt sé að afgreiða hluti í t-lvupósti .

Fundargerðir eru ekki fréttabréf , fundargerðir skulu skrifaðar þannig

Formaður fer yfir það sem var rætt áður á stjórnarfundum varðandi greiðslur fyrir fundarsetur í samninganefnd. Formaður fer hringinn á fundinum og allir samþykkir utan einn að greiða fyrir fundarsetur . GME situr hjá .

Rætt er um samskiptavanda innan stjórnar og innan fyrri stjórnar , velt er upp þeirri hugmynd að fá utanaðakomandi aðila til að fara yfir þessi mál, afgreiðslu frestað til næsta fundar

Fundi slitið 22.40